

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 787/2007 um heilsugæslustöðvar.

1. gr.

Fyrirsögn V. kafla reglugerðarinnar verði: **Starfsnám, vísindarannsóknir, þróun og gæði.**

2. gr.

Á eftir 20. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein ásamt fyrirsögn, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Þróun og gæði.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins leiðir faglega þróun innan heilsugæslu á landsvísi, vinnur að samræmingu verklags og samhæfingar milli fagfólks á heilsugæslustöðvum, gæðaþróun og framförum í heilsugæslu í samráði við heilbrigðisstofnanir sem reka heilsugæslustöðvar.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 3. mgr. 17. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 20. nóvember 2017.

Óttarr Proppé
heilbrigðisráðherra.

_____ *Guðrún Sigurjónsdóttir.*